



Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið
Lindargata
101 Reykjavík
hvin@hvin.is

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 2. apríl 2024

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um drög að breytingu á reglugerð um viðurkenningu faglegrar menntunar til starfa hér á landi, nr. 477/2020, mál S-87/2024

Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“ eða „SI“) hafa tekið til umsagnar breytingu á reglugerð nr. 477/2020, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til að starfa hér á landi (hér eftir „reglugerðin“), sem birt var á samráðsgátt Stjórnarráðsins þann 18. mars sl. Reglugerðin felur í sér breytingar er lúta að framkvæmd á viðurkenningu faglegrar menntunar og hæfi ásamt því að verið er að innleiða Evrópugerðir. Að mati samtakanna er breytingartillaga sem fram kemur í 2. gr. og kveður m.a. á um heimild stjórnvalda til uppbótarráðstafana fyrir löggiltar iðngreinar með öllu óskýr og vilja Samtökin koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

Í 2. gr. reglugerðarinnar er lögð til breyting á 4. mgr. 19. gr. sem fjallar um heimild stjórnvalda til uppbótarráðstafana. Lögð er til breyting á orðalagi og að felld verði niður tilvísun í a. lið 16. gr. sem kveður á um að við viðurkenningu á menntun og hæfi skuli stuðst við hæfnispróf sem er gefið út á grundvelli annað hvort náms sem fellur ekki undir vottorð eða prófskírteini í skilningi b-,c-,d- eða e-liðar 16. gr. eða sérstaks prófs án undangengins náms eða að umsækjandi hafi verið í fullu starfi í þrjú ár eða í samsvarandi tíma í hlutastarfi á næstliðnum tíu árum eða almenns grunnskóla- eða framhaldsskólanáms sem staðfestir að handhafi hafi öðlast almenna þekkingu. Þess í stað er lagt til breytt orðalag og að 4. mgr. 19. gr. kveði á um að þegar sótt er um viðurkenningu til starfa í löggiltum iðngreinum megi stjórnvald krefjast þess að umsækjandi ljúki aðlögunartíma eða gangist undir hæfnipróf ef hann hyggst stunda slíka atvinnustarfsemi hérlandis.

Að mati samtakanna er óljóst hvaða ástæður búa að baki ofangreindum breytingum en reglugerðin í núverandi mynd tilgreinir ekki löggiltar iðngreinar enda er reglugerð 585/2011 í gildi og fjallar sérstaklega um mat og meðalhófspröfun í löggiltum iðngreinum. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar 585/2011 er vísað í reglugerð 477/2020 og kemur þar fram að ef ekki reynist unnt að afgreiða umsókn á grundvelli framkominna viðmiða skuli lagt mat á hvort umsókn geti fallið undir almennt kerfi til viðurkenningar á vitnisburði um nám samkvæmt 16. gr. Í því samhengi mótmæla samtökin að innleiða skuli löggiltar iðngreinar inn í orðalag 4. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar er kveður á um heimildir stjórnvalda til uppbótarráðstafana. Þá er óljóst í hvaða tilvikum stjórnvöld myndu styðjast við slíka heimild. Benda SI því til stuðnings á lög um handiðnað nr. 42/1978 (hér eftir „lög um handiðnað“) þar sem markmið laganna er að tryggja fagleg og örugg vinnubrögð í iðngreinum, vernda störf menntaðra handiðnaðarmanna og á



sama tíma tryggja að iðnnám veiti þeim sem það sækja réttmætt forskot. Ekki verður annað séð en með því að kveða sérstaklega á um löggiltar iðngreinar í 4. mgr. 19. gr. sé verið að útvíkka gildissvið reglugerðarinnar óhóflega og stjórnvöldum þannig í sjálfsveld sett hvort þau munu krefja umsækjanda um að ljúka aðlögunartíma eða gangast undir hæfnipróf. SI telja það varhugavert og í ósamræmi við þær kröfur sem gerðar eru til menntaða iðnaðarmanna hérlandis.

Að lokum er gerð athugasemd við að engar skýringar eru til stuðnings þeirri breytingu sem 2. gr. reglugerðarinnar kveður á um en í formála með reglugerðinni í samráðsgátt er komið inn á allar breytingar reglugerðarinnar að undanskilinni 2. gr. Að mati samtakanna er það athugunarvert í ljósi óskýrleika og þeirra hagsmuna sem heyra þar undir. SI leggja áherslu á vandaða úrvinnslu við viðurkenningu á menntun og hæfi einstaklinga sem hafa aflað sér iðnmenntunar og áskilinnar starfsreynslu í aðildarríkjum EES og verði slík úrvinnsla að vera til þess fallin að auka samræmi, hæfni og öryggi neytenda og atvinnulífs.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Hulda B. Kjærnested Baldursdóttir'.

Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir
Verkefnastjóri í mennta-
og mannauðsmálum SI